Fylgiskjal.

## Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.

| I. | II. | III. | IV. |
|---|---|---|---|
| A 300<br>B 1 000<br>C 1 000<br>D 4 000 | A 300<br>B 2 000<br>C 2 000<br>D 8 000 | A 300<br>B 3 000<br>C 3 000<br>D 15 000 | A 300<br>B 4 000<br>C 4 000<br>D 25 000 |
| Bensínstöðvar<br>Leiktækjasalir<br>Gufubaðstofur<br>Ljósabaðstofur<br>Lækningastofur<br>Rakara-, hár-greiðslu-, og snyrtistofur<br>Sælgætis- og tóbaks-sölur<br>Málningarverslanir<br>Tannlæknastofur<br>Torgsala<br>Annar rekstur sambærilegur | Fangageymslur<br>Gistiheimili, án veitinga<br>Heilsuræktarstöðvar<br>Brauðgerð/brauð-sala<br>Kvikmyndahús<br>Læknastöðvar<br>Matsöluvagnar<br>Mötuneyti (minni)<br>Neysluvörugeymslur<br>Nýlenduvöru-verslanir<br>Sælgætisgerðir (minni)<br>Tækifærisveitingar<br>Annar rekstur sambærilegur | Brauðgerðarhús<br>Brauðstofur<br>Pizzugerðir<br>Félagsheimili með veitingarekstur<br>Fiskbúðir<br>Minni hótel<br>Ísbúðir/ísgerðir<br>Íþróttahús með sundlaug<br>Kjörbúðir/nýlendu-vöruverslanir<br>Leiktækjasalir m/veitingum<br>Skyndibitastaðir<br>Stærri samkomuhús og veitingastaðir<br>Sælgætisgerðir (stærri)<br>Veislumiðstöðvar<br>Veitingastaðir<br>Vinnslustöðvar (minni) (kjöt, fiskur, önnur matvæli)<br>Annar rekstur sambærilegur | Stórmarkaðir (stærri) kjörbúðir<br>Stór hótel<br>Stórar matvæla-vinnslustöðvar<br>Stór brauðgerðarhús<br>Mjólkurstöðvar<br>Vinnuheimili<br>Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.<br>Sjúkrahús II. (svæð-issjúkrahús, deild-ar skipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús)<br>Annar rekstur sambærilegur |

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

4. júní 1985 Nr. 236

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði sbr. 6. gr. 3. tl. laga nr. 109/1984 og 1. gr. 2. tl. reglugerðar nr. 191/1985.**

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis skal, skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a. m. k. helmingi kostnaðar við Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis.

3. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

4. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs, sem hér greinir:

| | kr. |
|---|---|
| 1. flokkur | 1 000,00 |
| 2. flokkur | 2 000,00 |
| 3. flokkur | 3 000,00 |
| 4. flokkur | 4 000,00 |

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

5. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld, sem hér greinir:

| | kr. |
|---|---|
| 1. flokkur | 4 000,00 |
| 2. flokkur | 8 000,00 |
| 3. flokkur | 15 000,00 |
| 4. flokkur | 25 000,00 |

6. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur, f. h. svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Borgarnesshrepps, sem innheimtir eftirlitsgjöldin í umboði sveitarstjórna á svæðinu og stendur skil á þeim í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins, sem standa skal straum af rekstri eftirlitsins.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 5. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru opinberar stofnanir, sem hér segir:

Félagsheimli, íþróttamannvirki, dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna og heilbrigðisstofnanir.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, sbr. og reglugerð nr. 191/1985, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalds vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1985.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.**

| I. | II. | III. | IV. |
|---|---|---|---|
| A 300<br>B 1 000<br>C 0<br>D 4 000 | A 300<br>B 2 000<br>C 0<br>D 8 000 | A 300<br>B 3 000<br>C 0<br>D 15 000 | A 300<br>B 4 000<br>C 0<br>D 25 000 |
| Bensínstöðvar<br>Leiktækjasalir<br>Gufubaðstofur<br>Ljósastofur<br>Lækningastofur<br>Rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur<br>Sælgætis- og tóbaksverslanir<br>Málningarverslanir<br>Tannlæknastofur<br>Torgsala<br>Annar rekstur sambærilegur | Fangageymslur<br>Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur<br>Gistiheimili, án veitinga<br>Heilsuræktarstöðvar<br>Brauðgerð/brauðsala<br>Kvikmyndahús<br>Læknastöðvar<br>Matsöluvagnar<br>Mötuneyti (minni)<br>Neysluvörugeymslur<br>Nýlenduvöruverslanir<br>Sælgætisgerðir (minni)<br>Tækifærisveitingar<br>Annar rekstur sambærilegur | Brauðgerðarhús<br>Brauðstofur<br>Pizzugerðir<br>Félagsheimili með veitingarekstur<br>Fiskverslanir<br>Minni hótel<br>Dvalarheimili<br>Ísbúðir/ísgerðir<br>Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir<br>Leiktækjasalir m/veitingum<br>Skyndibitastaðir<br>Stærri samkomuhús<br>Sælgætisgerðir (stærri)<br>Veitingastaðir<br>Vinnslustöðvar (minni)<br>Annar rekstur sambærilegur | Stórmarkaðir (stærri) kjörbúðir<br>Stór hótel<br>Stórar matvælavinnslustöðvar<br>Stór brauðgerðarhús<br>Mjólkurstöðvar<br>Vinnuheimili<br>Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.<br>Annar rekstur sambærilegur |

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

10. júní 1985 Nr. 237

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu Raufarhafnar.**

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29.